

Bólusetningar og kynbrenslun. Er sannleikurinn sagna bestur?

Bólusetningarrétttrúnaðurinn í sambandi við covid-19, vanrækslur, rangfærslur og lygar ríkisvaldsins (Landlæknisembættið meðtalið), hafa vafalaust vakið marga af værum blundi með þá spurningu á vörum, hvort hið opinbera fagnaðareri um bólusetningar ætti við vísindaleg rök að styðjast.

Bóluefni lyfjafyrirtækjanna eru einatt auglýst sem heilsubætandi og örugg. Raun ber vitni um, að svo sé alls ekki (alltaf). Bólusetningar við covid-19 eru skólabókardæmi um það. Markaðurinn eykst stöðugt, bólusetningum fjölgar.

Flestir hafa líklega gleymt Alival og fleiri slíkum, sem drápu og sköddu. Ríkisvaldið á Vesturlöndum hefur verið dæmt til að greiða skaðabætur í hverju málinu á fætur öðru. Lyfjafyrirtækin hafa keypt fulltrúa sína á þjóðþingum – einkum í Bandaríkjunum – til að firra sig ábyrgð á varningnum. Þau eru í raun ein til frásagnar um verkun og áhættu af lyfjum og bóluefnum. Læknar þiggja speki sína um lyf frá þeim. Heilbrigðisyfirvöld tryggja markaðinn. Almennur og sjúklingar borga.

Miðtaugakerfisskaði (einhverfa, autism) er líkleg aukaverkun vegna óhóflegra bólusetninga. Nú er tekist á um það fyrir dómstólum í Bandaríkjunum.

Barnataugafræðingurinn, Andrew Zimmerman, hefur nú snúið við blaðinu í þessu efni eins og hjartasérfræðingurinn, Aseem Malhotra, í sambandi við mRNA við covid-19. Bóluefni valda alvarlegum aukaverkunum.

Andrew staðhæfir ekki einungis, að barnabólusetningarnar geti valdið einhverfu, heldur hafði hann gefið skýrslu um niðurstöðurnar til bandarískra heilbrigðisyfirvalda. Þau létu aðvaranir sem vind um eyru þjóta. Svo mikil eru völd lyfjafyrirtækjanna og gríðarleg tregðuíhaldssemi lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.

Hinn kunnir hjartasérfræðingur, Peter McCullough, tekur í sama streng og kallar þetta faraldur, þ.e. 1 af hverju 36, nefnir 200 rannsóknir í því sambandi. Þessi börn verða fremur fórnarlömb áróður um kynbrenslun, segir hann. Kynvakagjafir og uppskurðir rugla þau enn frekar í ríminu.

Börn, sem aldrei hafa verið bólusett, búa við betra heilsufar en þau bólusettu, samkvæmt niðurstöðum 5 rannsókna. Nú eru börn bólusett 108 sinnum í

Bandaríkjunum, jafnvel 13 bóluefni í einu. Um helmingur skyndilegs nýburadauða á sér stað innan viku frá bólusetningu.

Ástralski læknirinn, Ian Brighthope, segir: „Af sögulegum sjónarhóli er ljóst, að flest bóluefni hafa sýnt sig að vera eitruð og hafa valdið tjóni á margvíslegan hátt eins og við smitun (contamination) [og] óvænt viðbrögð ónæmiskerfis. [Þau hafa einnig] valdið þeim sjúkdómi, sem verjast átti, eða kveikt hann af óþekktum orsökum, trúlega sökum ofuroxunar (hyper-oxidation).“

(Sjá bókina; „Bóluefni, Goðsagnir og staðreyndir“ (Vaccines. Myths and Facts), eftir Wendy Daniel.)

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2283207/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/?year=2022;month=1>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2291601/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/?year=2022;month=2;offset=20>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/?month=2;year=2022;offset=10>

<https://frettin.is/2022/11/24/heilbrigdiskerfi-i-heljargreipum-lyfjaidnadarins-bolusetningar/>

<https://rumble.com/v4wzoxl-pfizer-insider-admits-pandemic-was-a-depopulation-scam.html>

<https://ianbrighthope.substack.com/cp/144905289>

<https://ianbrighthope.substack.com/cp/144680353>

<https://expose-news.com/2024/05/22/childhood-vaccines-and-autism-things-have-got-out-of-control/>